

Skrifstofu Alþingis,
b.t. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfoss, 30. október 2012

Umsögn Matvælastofnunar

Þskj. 222 — 214. mál.

Um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum
lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands

Umsögn þessi nær einungis til III. og VIII. kafla frumvarpsins, þ.e. þeim köflum sem tengjast starfssviði Matvælastofnunar.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp þar sem Matvælastofnun verður falið að annast framkvæmd dýraverndunarlaga og starfsemi dýraverndarráðs. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við yfirfærslu verkefnanna frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Þvert á móti fagnar stofnunin þessum breytingum, enda hefur stofnunin lengi talið heppilegast að verkefni tengd dýravelferðamálum væru á einni hendi. Stofnunin telur því að frumvarpið muni stuðla að bættri framkvæmd þessa málaflokks.

Hins vegar vill Matvælastofnun í umsögn þessari benda á að nokkuð hefur vantað uppá að framkvæmd og eftirlit með dýraverndarlögum nr. 15/1994 hafi verið fullnægjandi. Hefur þar einkum komið til skortur á starfsfólki og fjármunum sem ætluð eru málaflokknum. Við fyrirhugaðar breytingar telur stofnunin nauðsynlegt að tryggt verði að stofnuninni verði tryggt nægjanlegt fjármagn til að taka við þeim verkefnum sem henni verða nú falin.

Stofnunin telur rétt að víkja aðeins að ákveðnum þáttum er varða breytingar á verksvið stofnunarinnar vegna dýravelferðarmála. Til að sinna þeim verkefnum sem stofnuninni eru nú ætluð áætla stofnunin að ráða þurfi sérstakan sérgreinadýralækni dýravelferðar. Hans hlutverk verður að sinna sérstökum aðgerðum og almennri fræðslu á þessu sviði, þ.m.t. forvarnarstarfi og eftirliti með framkvæmd laganna. Honum til aðstoðar munu koma eftirlitsdýralæknar sem staðsettir eru á umdæmisskrifstofum stofnunarinnar. Þá er ljóst miðað við árlegan fjölda dýravelferðarmála að stjórnarsýsluþáttur laganna kallar á aukin umsvif hjá stjórnarsýslusviði stofnunarinnar og ljóst að auka verður við starfshlutfall lögfræðings til að styðja við eftirlitsaðgerðir dýralækna og fylgja eftir dýravelferðarmálum. Sömuleiðis verður að gera stofnuninni kleift að rækja skyldur sínar gagnvart dýraverndarráði, en gert er ráð fyrir að stofnunin annist starfsemi ráðsins, sbr. VIII. kafla frumvarpsins. Við útreikninga á kostnaði sem hlýst af verkefnum núgildandi laga, verður til viðbótar við eiginlegan launakostnað að taka mið af starfstengdum kostnaði þessara starfsmanna.

Rétt er að vekja athygli á að þessi umsögn tengist ekki frumvarpi að nýjum dýravelferðarlögum sem nú liggja fyrir Alþingi. Það frumvarp gerir umtalsverðar kröfur á eftirlitsaðila og er ætlað að auka eftirlit og úrvinnslu með dýravelferðarmálum á margvíslegan hátt og auka þannig við velferð dýra hérlendis. Matvælastofnunin hefur áður lagt fram kostnaðarmat sem tekur tillit til þess frumvarps (það kostnaðarmat nær reyndar einnig til breytinga sem gera þarf á lögum um

búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og snýr að öflun hagtala í landbúnaði). Stofnunin telur að hafa megi fyrrgreint kostnaðarmat til hliðsjónar til að meta þann kostnað sem eftirlit með dýravelferð hefur í för með sér, ef því er sinnt sem skyldi.

Matvælastofnun telur afar mikilvægt að hugað sé að þessum þætti strax, stofnunin telur til lítils að fara af stað með breytingar og færa málaflokka milli stofnana nema að verkefnum fylgi nægjanlegt fjármagn til að tryggd sé að hægt sé að sinna þeim í samræmi við þær skyldur sem löggin kveða á um.

F.h. Matvælastofnunar,

Stefán Guðmundsson,
forstöðumaður rekstrar- og mannauðssviðs.